

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 136/326*  
*komudagur 5.12.2008*

Umhverfisnefnd Alþingis  
Hildur Eva Sigurðardóttir  
nefndarritari  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 02. desember 2008  
2008110007/42-1-3  
TB  
jgó/tb

### **Pingsályktunartillaga um friðlýsingu vatnasviðs Skjálfandafljóts**

Vísað er til bréfs frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 17. nóvember sl., þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu vatnasviðs Skjálfandafljóts, 34. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands er sammála því að almennt eigi að vernda vatnasvið og náttúru áa og fljóta eins og kostur er þ.m.t. Skjálfandafljóts og tryggja eftir föngum að náttúra svæðisins fái að þróast í samræmi við ákvæði 1. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Í því felst m.a. að stuðla beri að vernd og nýtingu auðlinda á svæðinu á grundvelli sjálfbærrar þróunar.


Náttúrufræðistofnun vekur athygli á því að á umræddu svæði allt frá upptökum til sjávar eru mörg svæði á Náttúruminjaskrá sem hafa mikið verndargildi (sjá skilgreiningu í náttúruverndarlögum). Þar eru svæði nr. 516 Tungnafellsjökull og Nýidalur, nr. 518 Laufrönd og Neðribotnar, nr. 519 Ingvararfoss, Aldeyjarfoss og Hrafnabjargafoss, nr. 521 Goðafoss, nr. 522 Þingey og nr. 527. Votlendi á Sandi og Sílalæk.

Náttúrufræðistofnun tekur ekki afstöðu til þess á þessu stigi hvort friðlýsa beri vatnasvið Skjálfandafljóts í heild sinni og vísar m.a. til þess að fyrirhugað er að Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða, sem ljúka á í lok árs 2009, fái stjórnslulega stöðu með einhverjum hætti.



Náttúrufræðistofnun vill loks ítreka þá skoðun að vernda þurfi að lágmarki eina eða tvær af stórárn landsins með vatnasviði frá upptökum til ósa, sbr. bréf til umhverfisnefndar Alþingis dags. 15. febrúar 2007 um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

